

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði.**

### 1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Fljótsdalshéraði, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbyli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:
- |                   |            |
|-------------------|------------|
| Sorphirðugjald    | kr. 16.716 |
| Sorpförgunargjald | kr. 5.724  |
| Samtals:          | kr. 22.440 |
- B. Tíðni losunar og rúmmál íláta:
- Þéttbýli:
- |                  |   |
|------------------|---|
| Brún tunna 120 l | Hálfsmánaðarlega á sumrin en annars mánaðarlega |
| Grá tunna 240 l  | Mánaðarlega                                     |
| Græn tunna 240 l | Mánaðarlega                                     |
- Dreifbýli:
- |                 |                         |
|-----------------|-------------------------|
| Jarðgerðartunna | Ekki losuð              |
| Grá tunna 240 l | Mánaðarlega             |
| Grænt kar 660 l | Á tveggja mánaða fresti |
- Sjá nánar á sorphirðudagatölum.
- C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.), greiðist þjónustugjald 30% af fullu gjaldi (kr. 22.440) enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins eða í reglubundna sorpsöfnunarferð sorpbíls á vegum sveitarfélagsins, þar sem aðstaður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi. Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu greiða hvorki sorphirðu- né sorpförgunargjald af frístundahúsum sínum innan sveitarfélagsins sem þeir nýta sjálfir ef þeir greiða fullt sorpgjald af öðru íbúðarhúsnæði sem þeir búa í, í sveitarfélaginu.
- D. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) sem nýtur fullrar sorpþjónustu frá fyrstu skipulögðu losun eftir 10. maí til síðustu skipulögðu losunar fyrir 27. september greiðist þjónustugjald sem nemur 50% af fullu gjaldi.
- E. Auk gámasvæðis á Egilsstöðum verður gámasvæði opið við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum yfir mesta ferðamannatímamann skv. 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- F. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða fyrir:
- |                  |                 |
|------------------|-----------------|
| Grá tunna 240 l  | kr. 5.724 á ári |
| Græn tunna 240 l | kr. 1.500 á ári |
| Brún tunna 120 l | kr. 1.500 á ári |

### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

### 3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

<b>Meðhöndlun</b>	<b>kr./klst. án vsk.</b>	<b>kr./klst. með vsk.</b>
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	2.580	3.238
<i>Vigtunargjald</i>	1.274	1.599
<i>Vigtunargjald utan opnunartíma</i>	6.927	8.694

<b>Óflokkað</b>	<b>kr./kg án vsk.</b>	<b>kr./kg með vsk.</b>
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	28,69	36,00
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net og húsgögn.		
<i>Blandaður úrgangur</i>	24,70	31,00
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.		

<b>Flokkað</b>	<b>kr./kg án vsk.</b>	<b>kr./kg með vsk.</b>
<i>Seyra/úrgangur úr fituskiljum</i>	4,22	5,30
<i>Endurvinnanlegt timbur</i> Hreint, ekki litað eða fúavarið	8,18	10,30
<i>Óendurvinnanlegt timbur</i> Litað, plasthúðað, spónaplötur o.þ.h.	24,70	31,00
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i> Tekið er við lífrænum úrgangi á söfnunarstöð á þriðjudögum	17,05	21,40
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	14,50	18,20
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	14,50	18,20
<i>Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír ótækur til endurvinnslu</i>	24,70	31,00
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Garðaúrgangur án aðskotahluta</i>	0	0

**Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:**

<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	79,68	100,0
<i>Ýmis spilliefni, s.s.málning, lyf, sprautunálar, flugeldar, úðabrusar.</i>	79,68	100,0
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar &gt; 100 l</i>	5.029 kr./stk.	6.312 kr./stk.
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar &lt; 100 l</i>	1.258 kr./stk.	1.578 kr./stk.

## 4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða gera grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar Fljótsdalshéraðs geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

## 5. gr.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

## 6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af umhverfis- og héraðsnefnd og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 5. febrúar 2014, með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 232/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði, nr. 1162/2013.

*Egilsstöðum, 6. febrúar 2014.*

**Björn Ingimarsson** bæjarstjóri.